

EFTIRLITSSKÝRSLA

Fjarðalax Fossfjörður í Arnarfirði



Dags eftirlits	19.6.2014	Fulltrúi UST	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Fjarðalax	Fulltrúi UST	
Heimili	Hafnarhúsinu, Tálknafirði	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	641109-1770	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Jón Örn Pálsson	ÍSAT nr.	03.21.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik komu fram í eftirlitinu en gerð var athugasemd við skil á grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir starfsleyfið og bent á skiladaga skv. því

Rekstraraðili er með vottanir frá BAP og WFM og sér IMO um úttekt vegna þeirra vottanna. Óskar rekstraraðili eftir því að skoðað verði hvort að þær vottanir gildi fyrir gr. 4.3 í starfsleyfi. Er honum bent á að senda inn formlega beiðni hvað það varðar.

Sjálfvirkt fóðurkerfi frá Vaka er í stöðinni skv. gr. 2.1. í starfsleyfi.

Allar skráningar eru í gegnum Farm Control kerfið og tekin eru botnsýni 4 sinnum á 3ja ára eldistímabili þar sem sérstaklega er fylgst með uppsöfnun brennisteins og breytingum á líffræðilegum fjölbreytileika botndýra. Alið er í kvíum í 26 mánuði og svæðið síðan hvílt í 10 mánuði.

Rekstraraðili ætlar að uppfæra vöktunaráætlun skv. breyttum forsendum og senda eftirlitsaðila til samþykktar.

Allt sorp er flokkað skv. kröfu BAP vottunarinnar og komið á viðurkendar sorpmóttökustöðvar. Allur heill dauðfiskur fer í fóðurgerð en ónothæfur fiskur fer í urðun í Fíflholt og sér Gámaþjónustan um þá flutninga.

Notaðar eru netapvottavélar til hreinsunar á netapokum.

ATHUGASEMDIR

Gerð er athugasemd við að grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi var ekki skilað á réttum tíma en rekstraraðili sendi beiðni um frest, til eftirlitsaðila, þann 8. maí sl. til skilanna. Grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi var skilað þann 18. júní sl.

ANNAÐ

Seiði voru sett út í kvíarnar í Fossfirði sama dag og eftirlitið fór fram. Ekki var búið að setja í þær allar en reiknað er með að það taki nokkurn tíma, a.m.k. fram í júlí.

4 kvíar, hver þeirra 160m í ummál, eru á svæðinu.

Verið er að vinna í framkvæmdum við starfsmannaöstöðu og fóðurkerfi.

Fyrirhugað er að sækja um stærra leyfi og er vinna hafin við þá umsókn.

Reykjavík, 29.07.2014

Guðbjörg Stella Árnadóttir

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.